

**Ed.**

## **713. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

### **I. Við 2. gr.**

**1. a-lið skal orða þannig:**

Með 10 jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. hvers mánaðar, eftir að útsvar hefur verið lagt á.

**2. b-liður fellur niður.**

*Til vara:*

a) Í stað orðsins „helmingi“ í 1. málsg. a-liðar komi: 40%.

b) Í stað orðanna „meira en álagt útsvar“ í 3. málsg. a-liðar komi: meira en honum bar.

**3. a) 29. gr., a-lið, skal orða svo:**

Kaupgreiðanda er rétt og skylt að halda eftir af kaupi útsvarsgjalddanda, er hann greiðir kaup, til útsvarsgreiðslu, nema sveitarstjórnin samþykki annað, enda hafi komið um það krafa frá viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi.

b) Orðin „og styrktarfjár“ í 1. málsg. b-liðar falli niður.

c) c-liður falli niður.

d) Í stað orðsins „ábyrgist“ í d-lið komi: haldi eftir kaupi útsvarsgjalddenda, sem þeir greiða kaup, til.

e) Á eftir meginmáli e-liðar komi: og ber sveitar- eða bæjarstjórnnum að hafa ákveðið hlutföllin í kröfu sinni.

f) Síðari málsg. f-liðar falli niður.

g) Í stað orðanna „samkvæmt d- og e-lið“ og út þann málslið h-liðar komi: Samkvæmt d- og e-lið og tilkynna sveitarstjórn, að svo hafi verið gert, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi. Skal upphæðin handbær til útborgunar, hvenær sem sveitarstjórn vitjar þess á útborgunartíma kaupgreiðanda.

h) Málsliðirnir á eftir orðunum „svo sem segir í i-lið“ í k-lið 4, falli niður, en í stað þeirra komi nýr málsliður, er orðist svo: Þá skal hann greiða 100—500 kr. sekt, ef sannað er, að vanræksla hans hafi bakað sveitar-sjóðnum tjón.

i) Orðin „þó ekki með almennri auglýsingu“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.

### **II. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar skal orða svo:**

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, skal eftir því, sem unnt er og lög þessi mæla fyrir um, aðstoða bæjar- og sveitarstjórnir við innheimtu útsvara, enda sé honum heimilt að reikna 4% innheimtugjald af því fé, sem hann þannig innheimtir.